

RE: Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.

**Til** : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>  
**Frá** : Helgi Karl Guðmundsson <hkg@ov.is>  
**CC** : Halldór Magnússon <hm@ov.is>  
**Heiti** : RE: Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.  
**Málsnúmer** : 2309048  
**Málsaðili** : Orkubú Vestfjarða ohf.  
**Skráð dags** : 02.11.2023 15:53:04  
**Höfundur** : Helgi Karl Guðmundsson <hkg@ov.is>

**Viðhengi** [image007.jpg](#)[image007.jpg](#)  
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)  
[image001.png](#)[image001.png](#)  
[image005.jpg](#)[image005.jpg](#)  
[image003.png](#)[image003.png](#)

Sæll Elfar

Fyllingin getur ekki verið upp að húsinu því húsið er ekki hannað þannig að það sé hæft til að fylla að með jarðefni.

Hægt væri að fara í mannvirkjagerð á staðnum til að freista þess að verja stöðina en þá eru mögulega forsendur heimtaugarumsækjanda brostnar vegna kostnaðar. Einnig skapast óvissa ef skriða/snjóflóð fellur á húsið og veldur skemmdum, hver á að bera kostnaðinn af því?

Okkar ósk er sú að næsta skref í málinu er að fá afstöðu nefndarinnar um að við fáum lóð neðar á eyrinni, t.d þar sem græni punkturinn er á myndinni.



Kveðja

Helgi Karl

---

**From:** Elfar Steinn Karlsson  
**Sent:** mánudagur, 30. október 2023 15:45  
**To:** Helgi Karl Guðmundsson  
**Subject:** RE: Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.

Sæll Helgi.

Hver er ástæðan fyrir því að ekki er hægt að samþykkja fyllingu upp að húsi?

Kv.



Elfar Steinn Karlsson

Byggingarfulltrúi

Sími: 450-2312 | GSM: 849-7909

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.

---

**From:** Helgi Karl Guðmundsson <[hkg@ov.is](mailto:hkg@ov.is)>

**Sent:** Monday, October 30, 2023 3:43 PM

**To:** Elfar Steinn Karlsson <[elfar@vesturbyggd.is](mailto:elfar@vesturbyggd.is)>

**Subject:** RE: Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.

Sæll Elfar

Við getum ekki samþykkt að hafa fyllingu upp að stöðinni.

Við óskum eftir því að nefndin taki þessa lóðarúthlutun aftur til skoðunar og úthluti okkur lóð neðar á

eyrinni.

Kveðja

Helgi

---

**From:** Elfar Steinn Karlsson <[elfar@vesturbyggd.is](mailto:elfar@vesturbyggd.is)>  
**Sent:** föstudagur, 27. október 2023 13:20  
**To:** Helgi Karl Guðmundsson <[hkg@ov.is](mailto:hkg@ov.is)>  
**Subject:** RE: Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.

Sæll Helgi.

Kæmi til skoðunar að hafa jarðvegsfylling upp að spennistöðinni fjallsmegin, það myndi fleyta mögulegum flóðum yfir húsið.

Kv.

esk

---

**From:** Magni Hreinn Jónsson <[magni@vedur.is](mailto:magni@vedur.is)>  
**Sent:** Friday, October 27, 2023 1:17 PM  
**To:** Elfar Steinn Karlsson <[elfar@vesturbyggd.is](mailto:elfar@vesturbyggd.is)>  
**Cc:** Helgi Karl Guðmundsson <[hkg@ov.is](mailto:hkg@ov.is)>  
**Subject:** Re: Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.

Sæll Elfar

Það er rétt að byrja á að benda á að spennistöðvar eru undanþegnar ákvæðum ofanflóðareglugerðarinnar þar sem í þeim er engin viðvera fólks. En það er samt sem áður rétt að huga að ofanflóðahættu við þær til þess að forðast tjón og rafmagnsleysi eins og þið eruð væntanlega að gera.

Snjóflóðaaðstæður þarna eru ekki mjög slæmar. Klettarnir ofan við eyrian eru brattir og geta þess vegna ekki safnað mjög miklum snjó. Ofan á fjallinu er lítið aðsópssvæði þannig að skafrenningur fram af brún er væntanlega minni þarna en innar. Neðan klettanna og langleiðina niður að vegi er þó kjörupptakahalli snjóflóða. Þannig að úr klettunum og og hlíðinni geta fallið snjóflóð sem í flestum tilfellum eru lítil en geta þó hæglega náð niður fyrir veg.

Hlíðin er skriðurunnin og eru ummerki um skriður niður fyrir veg á þessum stað. Og grjót, sem er annaðhvort hrungrjót eða snjóflóðagrjót, má sjá í hlíðarfætinum og út í tjörninni á eyrinni.

Þar sem punkturinn er á loftmyndinni er örugglega hætta bæði á snjóflóðum og skriðum/grjóthruni án þess að lagt sé mat á tíðni slíkra atburða. Hann er alveg í hlíðarfætinum og hlíðin er bört alveg niður að eyrinni. Það væri heppilegra m.t.t. ofanflóðahættu að hafa spennistöðina neðar á eyrinni. Það gæti einnig verið góð öryggisráðstöfun að vera með jarðvegsfyllingu upp að spennistöðinni fjallsmegin.

Við gætum gert staðbundið hættumat fyrir spennistöðina þar sem lagt væri mat á tíðni ofanflóða ef þess verður óskað.

Kveðja,

Magni

---

**Frá:** Elfar Steinn Karlsson <[elfar@vesturbyggd.is](mailto:elfar@vesturbyggd.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 26. október 2023 10:49

**Til:** Magni Hreinn Jónsson <[magni@vedur.is](mailto:magni@vedur.is)>

**Afrit:** Helgi Karl Guðmundsson <[hkg@ov.is](mailto:hkg@ov.is)>

**Efni:** Staðbundið hættumat - álit. Þúfneyri, Patreksfirði.

Sæll Magni.

Orkubú Vestfjarða er að undirbúa landtengingu fóðurpramma sem stendur utantil við Þúfneyri í Patreksfirði. Þúfneyrin sjálf er rétt innan við Geirseyrarmúlann. Hluti af þessi verkefni er að setja upp spennistöð á Þúfneyri fyrir tenginguna. Framkvæmdaraðili hefur áhyggjur af mögulegri skriðu- og snjóflóðahættu á þessu svæði sem Skipulags- og umhverfisráð leggur til og því óskum við eftir álit frá Veðurstofunni um málið.

Ég skoðaði svæðið á ofanflóðakortasjá Veðurstofunnar og það hafa ekki verið skráð nein atvik þarna við Þúfneyrina, í framhaldi af því þá heyrði ég í Þresti Reynissyni snjóflóðaeftirlitsmanni á Patreksfirði, hann talaði um að það væri einhver gjóta í hlíðinni þarna fyrir ofan þar sem hefðu komið einhverjar smáspýjur en aldrei þannig að

Það hafi náð ofan í vatnsrásins fyrir ofan þjóðveginn, hann hafi ekki talið tilefni til að skrá þetta, enda minniháttar.

Í viðhengi er staðsetningin sem skipulags- og umhverfisráð Vesturbyggðar lagði til ásamt teikning af húsinu sem áformað er að byggja. Framkvæmdaraðila liggur á að fá endanlega staðsetningu samþykkt vegna afhendingartíma á sæstrengjum o.fl, þess er því óskað, ef einhver kostur er, að fá álit Veðurstofunnar eins fljótt og hægt er.

Helgi Karl, tengiliður hjá Orkubúinu er hér í Cc. Hann bætir við ef eitthvað vantar upp á þetta hjá mér.

Kv.



Elfar Steinn Karlsson

Byggingarfulltrúi

Sími: 450-2312 | GSM: 849-7909

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)

*Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.*

*Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr. 47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér*